

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2011
Tilvísun: UST20110200145/sdk

Tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu.


Með tölvupósti, dags. 22. febrúar sl., sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.


Tillagan felur í sér að stjórnvöld móti heildstæða stefnu um nýtingu metans og beita sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu í landinu með því að kortleggja kosti og leiðarval við slíka aukningu.

Umhverfisstofnun fagnar því að stjórnvöld taki forystu varðandi metanvæðingu hér á landi. Aukin metanvæðing í samgöngum dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna og dregur úr innflutningi á eldsneyti til landsins sem fellur vel að umhverfissjónarmiðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litið sé til umhverfissjónarmiða við mat á þeim kostum og leiðum sem kortlagðir verða til aukningar á metanframleiðslu hér á landi. Aukning á metanframleiðslu er til þess fallin að styrkja umhverfisvernd, sjálfbæra nýtingu auðlinda og vistvæna tækniþróun. Ríkið hefur komið til móts við metanvæðingu hér á landi að nokkru leyti, svo sem með niðurfellingu vörugjalda af nýjum bílum sem nýta bæði bensín og metan. Umhverfisstofnun telur það mikilvægt að stjórnvöld komi einnig að stefnumótun að því er varðar aðgengi að metani hér á landi og þá að horft verði sér í lagi til þess að notkun á þess í stað bensíns verði raunverulegur kostur fyrir alla landsmenn. Með umhverfissjónarmið að leiðarljósi getur aukning á metanframleiðslu falið í sér aukningu á grænum störfum ásamt því að draga úr flutningi á eldsneyti milli landshluta. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfissjónarmið jafnt sem hagkvæmnissjónarmið verði höfð til hliðsjónar verði ráðist í slíka stefnumótun og hugsanlega aðgerðaráætlun í kjölfarið.

Má í þessu samhengi benda á 2. málsl. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir að kröfur um umhverfisvernd skuli vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum. Umhverfisstofnun telur að stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda til aukningar metanframleiðslu hér á landi hafi tengingu við aðrar áætlanir í umhverfismálum, svo sem landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst


Svanfríður Dóra Karlsdóttir
Lögfræðingur


Kristján Geirsson
Deildarstjóri